

Nd.

128. Frumvarp til laga

[105. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974 og lög nr. 85/1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

1. gr. laganna (sbr. 7. gr. laga nr. 10/1974) orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af innlendum viðskiptum og innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 8% — átta af hundraði — skatts þess sem um ræðir í 1. mgr.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 85/1974) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 19% — nitján af hundraði — söluskatt eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gjöld á söluskattstofn eru nú samtals tuttugu af hundraði. Þar af er sjálfur söluskatturinn 13%, söluskattauki 4%, viðlagagjald á söluskattstofn 2% og gjald á söluskattstofn til að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu 1%.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 5 28. febrúar 1975 fellur viðlagagjald á söluskattstofn niður þann 31. desember n.k. Er áætlað að núgildandi tekjustofnar Viðlagasjóðs dugi til þess að ljúka verkefnum hans í Vestmannaeyjum og á Norðfirði en Viðlagatrygging Íslands tekur síðan, sem kunnugt er, til starfa á næsta ári. Er með frumvarpi þessu lagt til að það 2% gjald á söluskattstofn, sem runnið hefur til Viðlagasjóðs, verði sameinað söluskattinum og renni framvegis í ríkissjóð. Þá er lagt til að 4% söluskattauki verði felldur niður en söluskattur hækkaður að sama skapi. Með þessu hækkar söluskatturinn um 6 prósentustig, enda þótt heildargjöld þau sem lögð eru á söluskattstofn verði óbreytt, þ.e. 20%.

Þessi breyting hefur í för með sér að tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga stóruaukast. Samkvæmt núgildandi lögum nýtur sjóðurinn 8% af þeim tekjum sem sjálfur söluskatturinn, þ.e.a.s. 13 prósentustig, gefa af sér. Eftir breytinguna nýtur sjóðurinn hins vegar 8% tekna af öllum 19 söluskattstígum. Er áætlað að tekjuaukning sveitarfélaganna af þessari breytingu verði um það bil 600 milljónir króna á árinu 1976. Þessi breyting er liður í að lögfesta þá stefnumörkun ríkisstjórnarinnar sem gerð er grein fyrir í athugasemdum við fjárlagafrumvarp ársins 1976 um tilflutning á verkefnum og tekjum til sveitarfélaga, en samhliða frumvarpi þessu eru flutt þrjú frumvörp er fela í sér flutning verkefna til sveitarfélaga. Auk þess er gerð tillaga um breytingu á frumvarpi sem þegar hefur verið lagt fyrir Alþingi og lýtur sú tillaga að því sama og felst í ofangreindum frumvörpum.

Einstakar greinar þarfnast ekki skýringa.